

64. fundur haldinn í sveitarstjórn Langanesbyggðar fimmtudaginn 15. apríl 2010 kl. 17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson oddviti, Sigurborg Hulda Sigurðardóttir, Hilma Steinarsdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Sigurður Jóhannes Jónsson, Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri og Jóhanna Helgadóttir sem ritaði fundargerð á tölvu.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort einhverjar athugasemdir væru gerðar við fundarboðun. Engar athugasemdir voru gerðar.

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða:

- a. Fundargerð sveitarstjórnar dags. 22. mars 2010
Í lið 5 í fundargerðinni var sveitarstjóra falið að skoða málið nánar, sveitarstjóri gerði grein fyrir því hvað hafi farið fram. Samþykkt að sveitarstjóri vinni málið áfram.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b. Fundargerð Fræs ehf. dags. 23. mars 2010
Lögð fram til kynningar.
- c. Fundargerð USB dags. 23. mars 2010
Samþykkt samhljóða
- d. Fundargerð Sauðanesnefndar 24. mars 2010
Fundargerðin samþykkt með 4 atkvæðum, 2 sátu hjá.
- e. Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar dags. 29. mars 2010
Í lið 2 í fundargerðinni leggur nefndin áherslu á að fá ferðamálafulltrúa til starfa fyrir Langanesbyggð. Sveitarstjóri tekur heilshugar undir þessa tillögu enda er ferðamannaþjónustan orðin mikilvæg grein atvinnulífsins á landsvísu og hefur raunaukning gjaldeyrstekna verið um 21 % á milli ára og er því sjálfsgagt að Langanesbyggð leggi aukna áherslu á þessa atvinnugrein. Sveitarstjóri leggur til að breyta starfi æskulýðs- og menningarfulltrúa í starf menningar,- tómsundar- og ferðamálafulltrúa og auglýsa 50% starf íþróttá- og æskulýðsfulltrúa laust til umsóknar. Sveitarstjóra falið að útbúa starfslýsingar á bæði störfín og leggja fram kostnaðaráætlun fyrir bæði störfín á næsta fundi.
Samþykkt samhljóða.
Sveitarstjórn tekur undir lið 1,3 og 8 og er sveitarstjóra falið að vinna í því.
Lið 10 í fundargerðinni er vísað til USB.
Samþykkt samhljóða.
Fundargerðin samþykkt samhljóða.
- f. Fundargerð fræðslu- og menningarnefndar Langanesbyggðar dags. 30. mars 2010.
Samþykkt samhljóða.
- g. Fundargerð Eypings dags. 4. mars 2010.
Lögð fram til kynningar.
- h. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26. mars 2010.
Í lið 10 var eftirfarandi bókað

“Lagt fram bréf Varasjóðs húsnæðismála, dags. 11. mars 2010, er varðar framtíð Varasjóðs húsnæðislána ásamt afriti af bréfi Langanesbyggðar, dags. 17. mars 2010, vegna greiðslna til sveitarfélaga úr sjóðnum.

Jafnframt voru lögð fram drög til umræðu um nýtt samkomulag um Varasjóð húsnæðismála þar sem kveðið er á um áframhaldandi þátttöku varasjóðsins á árunum 2010, 2011 og 2012 við niðurgreiðslu áhvílandi lána félagslegra eignar- og leiguíbúða sveitarfélaga við sölu þeirra á almennum markaði í þeim tilfellum þegar innlausnarverð íbúða stendur ekki undir uppgreiðslu áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna.

Stjórnin samþykkti að veita formanni og framkvæmdastjóra heimild til þess að ganga frá samkomulagi um Varasjóð húsnæðismála við félags- og tryggingamálaráðherra og fjármálaráðherra á grundvelli þeirra gagna sem lögð voru fram á fundinum.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar fagnar því að unnið sé í málinu og hvetur Samband íslenskra sveitarfélaga og ráðuneytin að finna lausn á þessu brýna málefni sem fyrst .

Fundargerðin lögð fram til kynningar

2. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum.

Tilnefning fulltrúa í verkefnisstjórn á vegum Eypings um sameiningarkosti sveitarfélaga. Gunnólfur Lárússon tilnefndur sem aðalmaður og Siggeir Stefánsson sem varamaður.

Samþykkt samhljóða.

3. Innsend erindi:

- a. Fundarboð á aðalfund Veiðifélags Hafralónsár.

Samþykkt að Jónas Lárússon kt. 300658 – 5479 fari með umboð Langanesbyggðar á aðalfundi.

- b. Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Lagður fram til kynningar.

- c. Bréf frá Siglingastofnun dags. 26. mars 2010

Í bréfinu kemur fram að Siglingastofnun samþykkir umsókn sveitarstjóra vegna endurbyggingu sjóvarna á 300 metra kafla við Bakkaveg og að framkvæmd á verkinu hefjist árið 2012

Lagt fram til kynningar.

- d. Bréf frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti dags. 26. mars 2010

Í bréfinu kemur fram að engar athugasemdir séu gerðar við aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027

Lagt fram til kynningar

- e. Stafræn upplýsingamiðstöð.

Í bréfi frá Karen Rut Konráðsdóttur og Nönnu Steinu Höskuldsdóttur um stafræna upplýsingamiðstöð er kynnt ný hugmynd um aðferð til að koma auglýsingum og upplýsingum um sveitarfélagið til ferðamanna.

Nanna Steina Höskuldsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu á þessum lið.

Sveitarstjórn samþykkir að kaupa auglýsingu fyrir 50.000 kr., og lána til verkefnisins 50.000 kr., sem greiðast til baka þegar auglýsingatekjur fara að skila sér inn í sumar.

f. Verkefni sumarsins.

- Sveitarstjóra falið að bjóða út 2,3 km. í gangstéttum og rennistein. Síðan yrði tekið fyrir í sveitarstjórn hversu mikið verður hægt að gera eftir að tilboð hafa borist.
Samþykkt með 5 atkvæðum, 1 á móti.
- Sveitarstjóri óskaði eftir því að fá að setja 1.500.000.- kr., í fegrun Þórshafnar og Bakkafjarðar (tjaldsvæði, gróður o. fl.)
Samþykkt samhljóða.
- Sveitarstjóra falið að kanna kostnað við viðgerðir á félagsheimilinu og leggja fram á næsta fundi sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða
Fundi slitið kl: 19:50